

KJARASAMNINGUR
Milli
Samtaka atvinnulífsins
og
VR og Landsambands íslenskra verzlunarmanna

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning VR og Landsambands íslenskra verzlunarmanna annars vegar og SA hins vegar og þá sérkjarasamninga sem teljast hluti hans.

2. gr.

Meginmarkmið

Kjarasamningur þessi er framlenging á Lífskjarasamningi aðila sem gildi frá 2019-2022. Að mati samningsaðila styður samningurinn við kaupmátt launa auk þess að veita heimilum og fyrirtækjum fyrirsjáanleika á miklum óvissutímum. Samningurinn geti þannig byggt undir stöðugleika og skapað forsendur fyrir langtímasamningi.

Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót


Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf er:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 kr. 56.000.

Hagvaxtarauki 2023


1 BH

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

3. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga þriðjudaginn 21. desember 2022.


~~ELNA B. GRETTA~~

Reykjavík, 12. desember 2022

Pórnir B. Kjalteysson
F.h. VR

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Bjarni Þ. Þorsson
Kristján Þ. Jónsson



Jóhanna Guðmundsdóttir
Haukardóttir Þorvaldsson

~~Helga Þorvaldsson~~

F.h. Landssambands íslenskra verslunarmanna


Birna Ólafsdóttir



Bjarnheiður Hálsdóttir

Ragnheiður Jónsdóttir


Sigurður Þorvaldsson



F.H VR

Helga Fuglisdóttir


S. Louisa Jónsdóttir



Þóris Milnes

Jón Steinar Brynjásson







Fylgiskjal - launatöflur

Afgreiðslustörf í verslunum Afgreiðslufólk

1.11.2022

Byrjunarlaun	406.923
Eftir 6 mán. hjá fyrirtækinu	416.205
Eftir 1 ár hjá fyrirtækinu	418.114
Eftir 2 ár hjá fyrirtækinu	429.833
Eftir 5 ár hjá fyrirtækinu	441.919

Sérþjálfaðir starfsmenn verslana sem geta unnið sjálfstætt, sýna frumkvæði og fela má verkefnaumsjón

1.11.2022

Byrjunarlaun	412.701
Eftir 6 mán. hjá fyrirtækinu	423.345
Eftir 1 ár hjá fyrirtækinu	425.198
Eftir 2 ár hjá fyrirtækinu	437.127
Eftir 5 ár hjá fyrirtækinu	450.587

Starfsfólk í apótekum Lyfjatæknar

1.11.2022

Byrjunarlaun	433.736
Eftir 6 mánuði í starfsgrein	437.478
Eftir 3 ár í starfsgrein	445.521
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	461.732

Starfsfólk í gestamóttöku

1.11.2022

Byrjunarlaun	425.848
Eftir 6 mánuði í starfsgrein	432.583
Eftir 1 ár í starfsgrein	438.297
Eftir 3 ár í starfsgrein	444.462
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	457.828

Starfsfólk í afþreyingar- og ferðaþjónustufyrirtækjum

1.11.2022

Byrjunarlaun	425.848
Eftir 6 mánuði í starfsgrein	432.583
Eftir 1 ár í starfsgrein	438.297
Eftir 3 ár í starfsgrein	444.462
Eftir 5 ár í sama fyrirtæki	457.828

Skrifstofufólk

1.11.2022

Byrjunarlaun	441.145
Eftir 3 ár í starfsgrein	457.828

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature at the top right and several smaller ones below it.

Fylgiskjal

Verkátlan

Með framlengingu Lífskjarasamningsins til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Fyrsti fundur hvers hóps verði boðaður í húsakynnum ríkissáttasemjara þar sem vinna hópsins verður skipulögð, metið verði umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verð lokið í samræmi við þá tímasetningu sem kemur fram í verkátlan.

Hvor aðili getur óskað eftir liðsinni ríkissáttasemjara við fundarstjórn, ef þörf er á.

	Verkefni hefst	Verkefni lýkur
Vinna við bókanir	Er hafið	10. febrúar 2023
Fagnám og sí- og endurmenntum	19.janúar.2023	9. nóvember 2023
Vinnutími (orlof, stytting, frídagar, sveigjanleiki o.fl.). Fjarvinna.	14. mars 2023	14. desember 2023
Önnur mál (áunnin réttindi, uppsagnarfrestur, uppgjörstímabil launa, ferðir til og frá vinnu o.fl.)	16.maí 2023	6. september 2023
Lífeyrissjóður og atvinnulýðræði	13. september 2023	14. desember 2023
Aðbúnaður og heilsa (veikindi, heilsuefling, heilsuvernd)	10. október 2023	14. desember 2023



4